um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1951, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin athugaði frv. þetta á fundi í gærkvöld. Enda þótt frv. þetta geri ráð fyrir nokkuð auknum útgjöldum frá öllum þeim aðilum, er greiða framlag til Tryggingastofnunar ríkisins, þá var nefndinni ljóst, að Tryggingastofnuninni er nauðsynlegt — ef hún á að geta innt þær skyldur af hendi, er lög ákveða — að fá þessar auknu tekjur, því að vitað er, að Tryggingastofnunin hefur skert sjóði sína allverulega tvö s. l. ár, og stafar það af því, að stofnunin hefur undanfarin ár greitt allar bætur með allmiklu hærri verðlagsuppbót en greidd hefur verið á framlag til hennar. En með frv. þessu er þetta fært til meira samræmis.

Öll nefndin skrifar undir nefndarálitið. Tveir nefndarmenn (JÁ og GÞG) hafa tilkynnt, að þeir muni bera fram breytingartill. við frv., og getur fylgi þeirra við frv. oltið á því, hvernig þeim brtt. reiðir af. KS skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 20. des. 1951.

Páll Þorsteinsson, form. Kristín Sigurðardóttir, fundaskr., með fyrirvara. Helgi Jónasson, frsm.

Gylfi Þ. Gíslason. Jónas Árnason.